

Föstudaginn 5. febrúar 1971.

Nr. 204/1970. **Jón Jónsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Birni Pálssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Eignarréttur. Hefð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1970. Hann hefur hinn 24. nóvember s. á. fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess, að synjað verði um viðurkenningu á eignarrétti stefnda á hryssu þeirri, sem málið fjallar um. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði úr hendi stefnda og svo fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsefni og málsgögnum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum málsins verður við það að miða, að markið á hryssunni sé ekki mark stefnda, en stefndi hefur ekki óskað yfirskoðunar á markaskoðun dómkvaddra manna, sem lýst er í héraðsdómi. Vegna þessa og samkvæmt gögnum málsins að öðru leyti verður ekki fallizt á aðalmálsástæðu stefnda fyrir viðurkenningu á eignarrétti hans að hryssunni. Hins vegar verður að telja, að stefndi hafi haft eignarhald á hryssunni hefðartíma fullan, 10 ár, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905, og voru þau umráð eigi með þeim hætti hugrænt, að varnað gæti því, að eignarréttur ynnist fyrir hefð. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með tilvisun til

forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, kr. 12.000.00.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 26. september 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. f. m., hefur Björn Pálsson bóndi, Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni hinn 16. nóvember 1969, á hendur Jóni Jónssyni, Öxl, Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Málavextir eru þessir:

Í stóðrétt í Auðkúluhreppi haustið 1967 var brúnskjótt hryssa dregin stefnda, eftir að markaskoðun hafði farið fram á henni. Stefndandi, sem verið hafði í stóðréttinni, en hafði farið þaðan, áður en drætti var lokið, taldi við nánari athugun, að sig vantaði eina af hryssum sínum, sem verið hefði í stóðinu. Stefndi hafði óskað eftir því, að frekari markaskoðun færi fram, og af því tilefni farið þess á leit við oddvita Sveinsstaðahrepps, að hann tilnefndi markalýsendur. Markaskoðun þessa framkvæmdu þeir Pálmi Zophóníasson bóndi, Bjarnastöðum, og Magnús Sigurðsson bóndi, Litlu-Giljá. Um skoðun þessa gáfu þeir síðan svofellda yfirlýsingu, dags. hinn 17. október 1967.

„Lýsing á hrossum, sem komu úr Kúlurétt 1/10 og eru geymd á Litlu-Giljá.

1. Brúnskjótt hryssa, gömul.

Mark: Heilt hægra.

Blaðstíft framan, vaglskora aftan vinstra.

2. Ljósaskjóttur. Blesóttur foli 3—4 vetra.

Mark: Heilt hægra eyra.

Líkast fjaðrir tvær framan vinstra“.

Í dagblaðinu Tímanum, sem út kom hinn 5. nóvember 1967, hafði stefndi birt svofellda tilkynningu, sem dagsett var hinn 29. október:

„Í stóðrétt Svinvetninga, Auðkúlurétt, 1. okt. s.l. var mér undirrituðum dregin brúnskjótt hryssa með mínu marki, sem er blaðstýft fr. vaglskora aftan á vinstra eyra. Aldur gæti verið 18—20 ár. Hryssu með þessum lit og þessu marki hefir mig vantað s.l. 16 ár og því augljóst, að umrædd hryssa geti verið mín eign.

Þrátt fyrir það vil ég ekki láta hjá líða, þar sem ávallt er nokkuð um sammerkingar, að skýra frá atburði þessum í viðlesnu blaði, svo að þeim, er kynni að vanta hryssu á þessum aldri, með ofanskráðum lit og marki, gefist kostur á að skoða hrossið og færa líkur að eignarétti, ef svo félli.

Öxl, Austur-Húnavatnssýslu“.

Stefnandi fékk nú tvo af nágrönnum sínum, Pál Pétursson, bónda á Höllustöðum, og Halldór Eypórsson, bónda á Syðri-Löngumýri, til að skoða mark á hryssu þeirri, sem dregin hafði verið stefnda. Fengu þeir með sér til fararinnar Kristján Sigfússon, bónda á Húnsstöðum, sem var annar réttarstjórinn í Auðkúlurétt. Að skoðun lokinni gáfu þeir svofellda yfirlýsingu:

„Við undirritaðir höfum skoðað brúnskjóttu hryssu, sem kom fyrir í Auðkúlurétt 1. okt. 1967. Eftir að einn af töfludráttarmönnum hafði skoðað hana lauslega, var ákveðið að bjóða Jóni í Öxl í Sveinsstaðahreppi merina.

Hryssu þessa þekkjum við, og hefur hún verið á Ytri-Löngumýri, frá því við fyrst munum eftir henni. Þess má geta, að hryssa þessi var einu sinni skilin eftir hjá Hanskafelli á Auðkúluheiði í fyrri göngum, og kom hún þá hölt á framfæti framan úr Seyðisárdrögum.

Við skoðuðum markið á hryssunni vandlega, og lýstum við því þannig: Markleysa aftan hægra. Blaðstíft framan og líkast fjöður aftan vinstra.

Þess má geta, að ef fingri er strokið niður hægra eyra aftanvert, verður maður var við missmíði á eyranu. Um undirben á vinstra eyra gegnir því máli, að glögglega finnst fyrir broddi fremst í undirbeninu neðanvert. Við höfum aldrei séð vaglskoru á hrossi með þessu lagi, en hinsvegar skemmdar fjaðrir.

Álit okkar er það, að Björn Pálsson eigi hryssu þessa.

Höllustöðum, 12/11 1967.

Páll Pétursson, Höllustöðum.

Halldór Eypórsson, S.-Löngumýri.

Er samþykktur ofanritaðri markalýsingu, en hef ekki aðstöðu til að þekkja hryssuna.

Kristján Sigfússon, Húnsstöðum.

(réttarstjóri)“.

Yfirlýsingu þessa afhenti stefnandi sýslumanninum í Húnavatnssýslu ásamt svofelldri yfirlýsingu þeirra Halldórs Eypórs-sonar og Eypórs Guðmundssonar:

„Við undirritaðir, sem verið höfum nágrannar Björns Páls-sonar í full tuttugu ár, og hross okkar hafa gengið saman, lýsum hér með yfir að gefnu tilefni, að Björn Pálsson á og hefur átt skjóttu hryssu, svo lengi sem við munum, sem dregin var Jóni í Öxl í Auðkúlurétt haustið 1967. Hryssa þessi hefur undantekningarlítið haldið sig í heimahögum, nema þegar hún hefur verið á afrétt“.

Fór stefnandi þess jafnframt á leit við sýslumanninn hinn 27. nóvember 1967, að sér yrði með fógætavaldi afhent hryssan eða að hún yrði afhent sveitarstjórn Svínavatnshrepps með þeim fyrirætlum, að lögleg markaskoðun færi fram.

Við meðferð fógetaréttarmálsins skipaði fógétinn fjóra menn, Sverri Markússon dýralækni, Egil Gunnlaugsson dýralækni, Einar Guðlaugsson verkstjóra og Jón Stefánsson kjótmatsmann, til að skipa markadóm ásamt sér. Að undangenginni skoðun á marki hryssunnar urðu markadómsmennirnir sammála um, að á hægri eyra sé ekki hægt að finna ummerki eftir mark og hafi biti verið markaður á hægri eyra, þá hafi brjóskið ekki verið sært, þ. e. að hægri eyra sé óskert. Þá komust markadómsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að glögg blaðstýfing sé að framan vinstra, en aftan vinstra sé vaglskora nú og beri markið þess ekki merki, að fjöður hafi kalið eða skemmzt af mývargi, þ. e. sárið virðist hreint. Hins þegar töldu markadómsmennirnir, að ekki sé hægt að fullyrða, hvort fjöður hafi kalið eða ekki, þ. e. hvort fjöður hafi verið mörkuð, en skemmzt, en eins og markið sé nú, þá sé það vaglskora. Við síðari meðferð málsins kvaddi fógeti þá Brynjólf Sæmundsson búnaðarráðunaut, Árna Danielsson bónda og Stein Steinsson dýralækni til að framkvæma skoðun á hryssunni og gefa lýsingu á henni. Er skoðunargerð skoðunarmanna þessara svohljóðandi:

„Við undirritaðir, sem höfum verið dómkvaddir til að skoða og gefa lýsingu á hryssu þeirri, sem um er deilt í fógetaréttarmálinu Björn Pálsson gegn Jóni Jónssyni, en hryssa þessi er nú geymd að Haga í Sveinsstaðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu, höfum framkvæmt skoðun á hryssunni og komið að eftirgreindum niðurstöðum:

Útlit:

Hryssan er brúnskjótt, sokkótt á öllum fótum og hófar svartir og hvítir. Fax er hvítt fram fyrir miðju. Hnakkfar hvítt utan brúnn blettur aftan við herðakamb. Aftur úr hnakkfarinu er hvítur rani aftur á hægri mjaðmarhorn, en beygir þaðan yfir á lend vinstra megin. Aðrir líkamshlutar hryssunnar eru brúnir.

Mark:

Eyru voru klippt og rökuð, þar sem vafi lék á marki.

Hægra eyra er alheilt. Á vinstra eyra er markið blaðstýft framan, vaglskora aftan. Vaglskoran er frekar grunn, en ör er í framlengingu af þverskurði, ca. 0.5 cm.

Aldur:

Tennur voru skoðaðar. Stjarna í öllum framtönnum er orðin hringlaga og tennur mjög framstæðar. Slitflötur tannanna er orðinn jafnarma, þ. e. styttra bil er frá hlið til hliðar en framan frá og aftur. Bendir það til þess, að hryssan sé 17—20 vetra gömul“.

Hinn 24. september 1968 ritaði stefndi stefnanda bréf og krafði hann um bætur fyrir arðmissi af hryssu þeirri, sem um er deilt. Í bréfi þessu segir m. a. svo: „Hefir þessi skjótt hryssa verið í yðar vörzlu 15 ár samkvæmt yðar vitnisburði og fleiri mætra manna og ég því engan arð af henni fengið allan þann tíma“.

Niðurstaða fógetaréttarmálsins varð sú, að innsetningarkrafan náði ekki fram að ganga. Var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar hinn 14. nóvember 1969. Stefnandi höfðaði síðan mál þetta til viðurkenningar á eignarrétti sínum að greindri hryssu.

Í máli þessu gerir stefnandi þær dómkreðfur, að viðurkenndur verði eignarréttur sinn að brúnsjóttari hryssu, sem dregin var stefnda, Jóni Jónssyni, Öxl, Sveinsstaðahreppi, í Auðkúlustóðrétt haustið 1967 og verið hefur á hans vegum síðan. Einnig krefst stefnandi hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkreðfur gerðar, að synjað verði um viðurkenningu á eignarrétti stefnanda að hinni brúnskjóttu

hryssu, en viðurkenndur verði eignarréttur stefnda að henni. Þá er þess og krafizt, að stefnda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í stóðrétt í Svínavatnshreppi haustið 1967 hafi hann að venju gengið úr allar folaldshryssur sínar og þau geldhross, sem hann hafi náð úr. Eftir hafi verið þrjár hryssur geldar, þar af ein, sem alltaf hafi stokkið á menn. Kveðst hann hafa litið svo á, að það skipti engu, þótt þær væru eftir, þar til inn væri rekið, þar sem þær væru fololdslausar. Stefnandi kveðst nú hafa þurft að fara með syni sínum til Blönduóss og hafi hann því farið úr réttinni kl. 10—11 árdegis. Er hann kom aftur um hádegi, kveður hann töfludrætti hafa verið lokið. Hann kveður veður hafa verið slæmt og því hafi drætti verið flaustrað af. Stefnandi kveðst hafa spurzt fyrir um, hvað gert hefði verið við hross hans, og kveður sér hafa verið sagt, að þau hefðu verið látin í hans dilk. Hann kveðst ekki hafa athugað það frekar og kveðst hafa sleppt hrossunum út, því hryssurnar hafi verið búnar að vera fullengi inni. Stefnandi kveðst um áratugi hafa stallað hross sín í tagl, svo að auðveldara sé að þekkja þau úti. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa hitt stefnda á Blönduósi, og kveður hann þá hafa sagt sér, að sér hefði verið dregin og eignuð skjótt hryssa, með stall í tagli, í Auðkúlurétt. Kveður stefnandi stefnda hafa sagt sér, að fyrir 15 árum hafi sig vantaði skjótt tryppi, þriggja ára gamalt, sem rekið hefði verið á Sauðadal. Það haust hefði fundizt skjótt tryppi dautt sunnan við Sauðadal og hefði hann álitíð það vera sitt tryppi. Stefnandi kveðst hafa sagt stefnda, að hann væri búinn að heimta sínar skjóttu hryssur, enda hefði hann séð þær allar í réttinni. Við nánari athugun kveðst stefnandi hafa farið að hugsa út í það, hvort skjóttu hryssan, sem hann skildi eftir í náttuganum, hefði misdregizt. Kveðst hann því hafa farið að athuga, hvort hún væri með hrossum sínum, en þar hafi hún ekki verið. Stefnandi kveður nágranna sinn, Halldór Eypórsson, sem sé frekar glöggur á hross, hafa verið fenginn til að sjá hryssuna og tjá sig um það, hvort hún hefði verið hjá sér, þ. e. stefnanda. Stefnandi kveðst síðan hafa spurt Halldór að því, hvort hryssa sú, sem dregin var stefnda, væri ein af sínum skjóttu hryssum, og hafi Halldór kveðið svo vera. Stefnandi kveðst nú hafa hringt til hreppstjóra Sveinsstaðahrepps og sagt honum, að hann, þ. e. stefnandi, ætti hryssuna og að hún væri undan skjótttri hryssu, sem verið hefði í fyrsta hrossastofni sínum.

Hryssan hefði gengið með móður sinni fyrstu árin og væri einna auðþekktastur af sínum hrossum. Hryssan hefði fyrir nokkrum árum verið skilin eftir í fyrri göngum norðan við Kúlu-fell og hefði hún verið hölt á fæti. Kveðst stefnandi hafa beðið hreppstjórnann um að segja stefnda þetta. Einnig kveðst stefnandi hafa beðið nábúa sína, þá Pál Pétursson á Höllustöðum og Hall-dór Eyþórsson á Syðri-Löngumýri, að fara og skoða markið á hryssunni. Kveður stefnandi þá vera glögga á hross og nær einu mennina, sem þekki eitthvað af sínum hrossum. Stefnandi kveður þá hafa fengið Kristján bónda á Húnsstöðum, annan réttarstjórnann úr Auðkúlurétt, með sér til fararinnar. Kveðst stefnandi svo hafa afhent sýslumanninum yfirlýsingu þessara manna um skoðun sína. Stefnandi kveður það algengt, að hross misdragist í stóðrétt, og þetta sama haust hafi fimm hross misdregizt, en það hafi verið leiðrétt að undanteknu tilviki því, sem hér er fjallað um.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að fyrir 15 árum, þ. e. 1958, hafi hann ekki heimt af fjalli skjótt mertryppi, þriggja vetra gamalt. Næsta vetur kveður hann sér svo hafa borizt fregn um, að fundizt hefði dauðt brúnskjótt tryppi, sem talið var, að farið hefði ofan í frammi á Hálsnum frammi af Sauðadal, en á honum hefði tryppið gengið. Stefnandi kveður aldur ekki hafa verið tilgreindan og markið ekki lýst. Stefnandi kveðst sjálfur ekki hafa séð skrokkin af tryppinu, en kveður talið hafa verið, að ekki væri unnt að greina mark. Ekki kveðst stefndi muna, hver skýrt hafi sér frá fundi tryppisins. Stefnandi kveðst ekki hafa haldið því fram, að hann ætti tryppið, en kveður sér hafa dottið í hug, að þetta kynni að vera eitt af sínum tryppum, þar sem eitt þeirra hefði ekki komið fram. Stefnandi kveður skjótta hryssu hafa komið fram í Auðkúlurétt haustið 1967 og hafi markalýsingamenn þeir, sem í réttinni störfuðu, talið mark sitt, þ. e. stefnda, á hryssunni og afhent hana mönnum þeim, sem hirtu hross úr Sveinsstaðahreppi. Er hryssan kom ofan í Sveinsstaðahrepp, kveðst stefndi hafa snúið sér til oddvitans, Baldurs Magnússonar, og beðið hann um að skipa markalýsingarmenn til að skoða markið á hryssunni, þar eð svo langt væri um liðið, frá því hann hafði séð hana, að hann treystist ekki til að þekkja hana, svo öruggt væri. Kveðst stefndi ekki hafa viljað telja hryssuna sína eign, nema það væri ótvírætt. Til að taka af öll tvímæli um sammerkingar eða námerkingar í nágrannahéruðunum hafi hann svo auglýst í dagblaðinu Tímanum lit, mark og líklegan aldur hryssunnar og hafi

enginn gefið sig fram eftir þeirri auglýsingu. Stefndi kvaðst hafa haft það í huga, er hann bað oddvitann að skipa markaskoðunarmenn, að það hafi oft komið fyrir, að hross væru misdregin, þannig að síðar hafi komið í ljós, að meira mark hafi verið á hrossunum en talið hafi verið við drátt. Stefndi kveðst aldrei hafa selt skjótt hross og aldrei lánað markamönnum sér óvandabundnum. Stefndi kveður það oft hafa komið fyrir, að hann hafi misst hross, en kveðst ekki muna, hvort hann hafi misst hross bæði 1951 og 1952.

Vitnið Halldór Eyþórsson, bóndi á Syðri-Löngumýri, hefur staðfest yfirlýsingu þá, sem rakin er hér að framan. Kveðst Halldór hafa verið nágranni stefnanda í full tuttugu ár og kveður hross þeirra hafa gengið saman. Kveðst hann þekkja mark stefnanda. Hann kveður stefnanda hafa átt skjótt hryssu, svo lengi sem hann muni, og hafi hryssa þessi verið dregin stefnda í Auðkúlurétt haustið 1967. Halldór kveðst hafa verið farinn úr réttinni, er hryssan var dregin, og kveður hann stefnanda hafa verið farinn á undan sér. Halldór kveður hryssuna undantekningarlítið hafa haldið sig í heimahögum, nema þegar hún hafi verið á afrétt. Halldór kveðst sjálfur hafa verið í göngum, er hryssan var skilin eftir við Hanskafell. Halldór kveður drætti í Auðkúlurétt hagað þannig, að er hross komi af heiðinni, séu þau fyrst rekin í náttuga og taki menn þar úr þau hross, er þeir telji sig þekkja. Síðari hluta næsta dags sé svo réttað, eftir að menn hafi tekið úr þau hross, sem þeir telji sig þekkja. Síðan sé farið að töfludraga þau hross, sem þá séu eftir. Stefndi kveður umrædda hryssu hafa verið búna að ganga með hrossum stefnanda til fleiri ára, þegar hún var dregin stefnda í Auðkúlurétt, og hafi ábyggilega verið búin að gera það í yfir 10 ár.

Vitnið Pálmi Sigurðsson kveðst hafa unnið við byggingarvinnu hjá stefnanda haustið 1949 og aftur haustið 1950. Kveðst hann þá og er hann var vetrarmaður hjá stefnanda, veturinn 1952—1953, hafa verið kunnugur hrossum stefnanda. Þennan vetur kveður hann stefnanda hafa átt tvö folöld, sem hann muni eftir, og hafi annað þeirra verið brúnskjótt merfolald undan jarp-skjótttri meri. Hafi stefndi þá aðeins átt eitt skjótt folald. Kveðst Pálmi muna tiltölulega vel eftir þessum mæðgum sökum sérstakra atvika. Hann kveðst muna eftir því, að Áslaug, dóttir stefnanda, hafi talað um, að setja ætti skjótt folaldið á. Ekki kveðst Pálmi hafa umgengist hross stefnanda eftir þetta.

Áslaug Elsa Björnsdóttir, dóttir stefnanda, hefur lýst því yfir,

að veturinn, sem Stalin dó, hafi faðir sinn átt tvö folöld og hafi annað þeirra verið skjótt merfolald. Kveðst Áslaug hafa þekkt þessa meri, frá því hún var folald, því hún hafi oft haldið sig heima við ásamt móður sinni. Áslaug kveðst hafa verið sjö ára þennan vetur og því fylgzt vel með folöldunum, sérstaklega því skjótt, sem verið hafi miklu fallegra, og hafi þau Pálmi Sigurðsson oft verið að tala um, hvað það væri fallegt. Áslaug kveður það vera hryssu þá, sem misdregin hafi verið stefnda haustið 1967.

Guðmundur B. Þorsteinsson, oddviti Sveinsstaðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu, hefur lýst yfir, að sér vitanlega hafi stefnandi aldrei fengið hross af Sauðadal eða úr Beinkeldurétt, og kveður það heyra til undantekninga, að hross, sem rekin séu á Sauðadal, komi fyrir í Auðkúlurétt. Kveður Guðmundur sér kunnugt um, að nágrannar stefnanda, þeir Eypór og Halldór á Syðri-Löngumýri, séu glöggir á hross og þekki hross stefnanda betur en aðrir. Kveður hann það hafa oftár en einu sinni komið fyrir, að stefnandi hafi fengið ómörkuð tryppi í réttum, ef þeir hafi borið, að hann ætti þau.

Vitnið Pálmi Zophóníasson hefur staðfest markalýsingu sína frá 17. október 1967. Hann kveðst lengi hafa verið markaskoð-unarmaður í Undirfellsrétt, líklega frá því eitthvað eftir 1930. Hann kveður það alltaf geta komið fyrir, að það detti ofan af fjöður, svo að líkist því, að vaglskorið sé. Ekki kveðst Pálmi hafa orðið var við ör það, sem getið er í markalýsingu skoðunar-mannanna Steins Steinssonar, Árna Danielssonar og Brynjólfs Sæmundssonar, enda hafi þeir Magnús ekki rakað eyrun, en það sé yfirleitt ekki gert við fyrstu skoðun. Kveðst Pálmi reikna með því, að hann hefði gert úr vaglskora, ef hann hefði fundið ör langt inn í eyra. Pálmi kveður hryssuna hafa verið gamla, en kveðst að öðru leyti ekki geta sagt um aldur hennar.

Vitnið Magnús Sigurðsson, bóndi á Litlu-Giljá, hefur staðfest markalýsingu sína frá 17. október 1967. Hann kveður það koma fyrir á hverju hausti, að hross, sem rekin séu á Sauðadal, komi fram í Auðkúlurétt, og öfugt, að hross úr Svinavatnshreppi komi fyrir í Beinakeldurétt, en breytilegt sé, hversu mörg hross sé um að ræða.

Vitnið Þórir Magnússon, bóndi á Syðri-Brekku, sem er skammt frá Öxl, kveðst muna eftir því, að stefndi hafi átt brúnskjótt mertryppi tveggja til þriggja vetra, er hann man síðast eftir því, sem hann telur hafa verið um 1950.

Vitnið Leifur Sveinbjörnsson, bóndi á Hnausum í Sveinsstaða-hreppi, kveður lönd Hnausa og Axlar liggja saman. Hann kveður stefnda hafa átt brúnskjótta hryssu, tveggja til þriggja vetra um 1950, en kveður stefnda hafa tapað hryssunni á þessu tíma-bili. Kveðst hann telja, að hryssan hafi ekki heimzt af fjalli, en kveðst ekki vita um orsakir þess. Kveðst Leifur muna eftir marki hryssunnar og hafi það verið blaðstíft framan og vagl-skorið aftan vinstra, heilt hægra. Kveðst hann hafa séð markið á hryssunni, þegar hún var tryppi, en kveðst ekki hafa skoðað það sérstaklega, svo hann muni. Ekk kveður Leifur sér kunnugt um, að stefndi hafi misst hross tvö ár í röð.

Krafa stefnanda er aðallega byggð á því, að fyrir liggi full-nægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi verið og sé eigandi hryssu þeirrar, sem deilt er um í málinu. M. a. sé sannað, að hann hafi haft hana í sínum vörzlum á árunum 1952—1967, og því beri stefnda að færa sönnur að betri rétti sínum. Það hafi stefnda ekki tekizt. Er því haldið fram, að ljóst sá, að stefndi geti ekki verið eigandi hryssunnar, þar sem fram hafi komið hjá honum, að hann hafi misst skjótta tryppið sitt, er það fór ofan í. Þá er því og haldið fram, að mark stefnanda sé eða hafi verið á hryssunni, þótt undirmörk kunni að hafa aflagast eða gróið saman. Er því mótmælt af hálfu stefnanda, að ákvæði 45. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 19/1961 gildi, að því er varðar hross eða hrossmörk. Er því haldið fram, að búfjármark hafi ekki úrslitabýðingu um eignarrétt, heldur hafi það sönnunarþýðingu. Þá er því haldið fram, að hryssan geti ekki verið sú sama, sem stefndi taldi sig hafa misst árið 1951. Til þess bendi það, að hryssan hafi kastað vorið 1969. Verði eigi litið svo á, að fram sé komin fullkomin sönnun fyrir eignar-rétti stefnanda, þá er því haldið fram til vara, að hann hafi unnið eignarhefð á hryssunni, enda séu öll skilyrði hefðar fyrir hendi.

Krafa stefnda er á því byggð, að mark hans sé greinilegt á hryssunni, og samkvæmt fjallskilareglugerð nr. 19/1961 fyrir Austur-Húnavatnssýslu helgi mark kind eða hross markeiganda skepnuna, 45. gr., 1. sbr. 7. gr. Slíkt leiði og af eðli máls til þess eins, að eigi þurfi aðrar sönnur fyrir því, hver sé eigandi greini-lega markaðs búfjár, og þurfi fullar sönnur til að koma, svo að frá þessu verði brugðið. Er því mótmælt, að stefnandi hafi fært að því fullkomnar sönnur, að hann sé eigandi greindrar hryssu. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi unnið hefð á hryssunni,

þótt svo kunni að verða litið á, að hún hafi gengið með hans stóði í meira en 10 ár. Er því haldið fram, að ósannað sé, að hann hafi haft 10 ára óslitið eignarhald á henni, enda verði umráð þess, sem byggir á hefð, að vera slík, að þau útiloki yfirráð eigandans sjálfs, þ. e. að eignin þurfi að vera í vörzlum eða á persónulegu valdi hefðandans óslitið allan hefðartímann. Þessu sé ekki til að dreifa hér, enda séu vörzlurnar allt of lausar og óglöggar og jafnvel engar, a. m. k. á meðan hrossið er á afrétt. Er því samkvæmt þessu haldið fram, að lagaskilyrði hefðar hafi ekki verið fullnægt. Af hálfu stefnda er því eigi haldið fram, að stefnandi hafi náð umráðum yfir hryssunni með glæp eða óráðvandlegu atferli. Hins vegar er því haldið fram, að með því að halda hryssunni, sem sé með glöggu marki stefnda, í vörzlum sínum um árabíl og hirða arð af henni, eins og fram hafi komið hjá stefnanda og nágrönnum hans, án þess að ganga úr skugga um, að hrossið væri hans eign, með því að skoða eyrnamarkið, geti stefnandi ekki unnið hefð á hryssunni samkvæmt rýmkandi lögskýringu á lögum nr. 46/1905, 2. gr., 2. mgr. i. f.

Ágreiningslaust er, að hryssa sú, sem deilt er um í máli þessu, hafi eigi verið í vörzlum stefnda frá því á árinu 1951, unz hún var dregin honum í stóðrétt haustið 1967. Samkvæmt þessu og öðru því, sem fram er komið í málinu, verður að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi haft eignarhald á hryssunni í hefðartíma fullan. Er eigi leitt í ljós, að umráð stefnanda hafi verið með þeim hætti, að skilyrði hefðar hafi ekki verið fyrir hendi. Þykja ákvæði fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 19/1961 eigi haggja þeirri niðurstöðu. Ber því samkvæmt framansögðu að viðurkenna eignarrétt stefnanda að umræddri hryssu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson kvað upp dóm þennan sem setudómari ásamt samdómendum dr. Gauki Jörundssyni prófessor og Kristni Jónssyni tilraunastjóra.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Björns Pálssonar, að hryssu þeirri, sem í málinu greinir.

Málskostnaður fellur niður.